

Öryggi er hornsteinn starfsemi HEF veitna, þar sem við leggjum áherslu á að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir alla. Við leggjum ríka áherslu á öryggi og vinnuvernd fyrir **starfsmenn, verktaka og samfélagið sem við þjónum**. Við viljum skapa **öruggt, snyrtilegt og slysalaust vinnuumhverfi**, þar sem allir taka ábyrgð á öryggi, fylgja verklagsreglum og stuðla að bættu vinnulagi. Öryggismenning er **hluti af daglegum rekstri**. Við leitumst við að tryggja að starfsemin uppfylli gildandi öryggisstaðla og -reglur.

Aðgerðir til að tryggja öryggi

- Í öllum framkvæmdum á vegum HEF veitna skal tryggja skýrar merkingar, viðeigandi lokanir og öryggisráðstafanir til að vernda íbúa og aðra vegfarendur.
- Viðhalda snyrtimennsku og skipulagi á vinnusvæðum til að tryggja betri yfirsýn, draga úr hættu og stuðla að öruggum framkvæmdum.
- Verktími á varasömum framkvæmdasvæðum verði takmarkaður eins og kostur er, sérstaklega þar sem almenn umferð fer um.
- Skýrar öryggis- og verklagsreglur í verkferlum og rekstri.
- Tryggja að allur öryggisbúnaður sé í notkun og uppfylli reglur og staðla.
- Reglulegt eftirlit og viðhald á búnaði, tækjum og innviðum.
- Greina áhættu við öll ný verkefni, t.d. með áhættumati og öryggisráðstöfunum.
- Starfsmenn og verktakar skulu ávallt nota viðeigandi persónuhlífar.
- Enginn vinnur verk án nauðsynlegs öryggisbúnaðar – ef búnaður er ekki til staðar, stöðvast vinna þar til hann er kominn.
- Reglulegar innri úttektir og sífelldar umbætur í öryggismálum.

Með öflugri öryggismenningu, skýrum reglum og ábyrgri nálgun tryggjum við öryggi fólks og búnaðar.